

Grunnskóli
Hornafjarðar
470 8400



Fundargerð

1. fundur í skólaráði Grunnskóla Hornafjarðar 2020-2021 9. okt. kl. 8:10 – 9:30 í Heppuskóla – stofu 6 eða á teams

Fundarstjóri: Þórgunnur Torfadóttir

Fundarritari: Björn Sigfinnsson

Mættir:

Dagskrá

1. Fulltrúar í skólaráði kynntir og farið yfir hlutverk skólaráðs. Hlaupið var hratt yfir þennan lið þar sem mörg mál lágu fyrir.

Fyrir hönd nemenda;

Íða Mekkín Hlynsdóttir	08ida@skolapostur.is	2020
Stígur Aðalsteinsson	05stigur@skolapostur.is	2020

Fyrir hönd foreldra;

Katrín Guðmundsdóttir	jonogkata1@gmail.com	2019
Stefanía Hilmarsdóttir	stefaniahilm@gmail.com	2019
Birgir Fannar Reynisson	biggi.reynisson@gmail.com	2020
Guðrún Ingólfssdóttir	gudrun@sth.is	2020
Helga Árnadóttir	helga.arn@gmail.com	2020

Formaður stjórnar foreldrafélagsins hverju sinni, nú er það

Fjóla Hrafnkellsdóttir	foreldrafelaggh@hornafjordur.is	2019
------------------------	--	------

Fyrir hönd starfsmanna;

Björn Sigfinnsson	bjorns@hornafjordur.is	2019
Eva Rán Ragnarsdóttir	evan@hornafjordur.is	2019
Heiður Sigurðardóttir	heidurs@hornafjordur.is	2019

Fyrir hönd stjórnenda;

Þórgunnur Torfadóttir	thorgunnur@hornafjordur.is	
-----------------------	--	--

2. Tilvísun frá fræðslunefnd um að ræða farsímanotkun í skólanum – sjá líka viðhengi í fundarboði

Þann 24. Júní s.l. var tekið til umræðu mál um farsímanotkun í grunnskólum og eftirfarandi bókað:

Rætt var um efni innsends erindis þar sem hvatt er til umræðu um kosti og galla þess að nemendur komi með eigin síma og snjalltæki í skólann. Farið var yfir reglur GH um notkun snjalltækja og viðhorfskönnun meðal nemenda, kennara og starfsfólks skólanna í Fjarðabyggð um bann við notkun snjalltækja í grunnskólum. Fræðslu- og tómstundanevnd vísar málinu til umræðu í skólaráði GH og hjá nemendum og starfsmönnum skólans. Nefndin óskar eftir álitum þeirra um hvernig best sé að haga notkun síma og snjalltækja í skólanum.

Hér með er óskað eftir því að þessi umræða fari fram og niðurstaða hennar kynnt á fundi nefndarinnar þann 21. október n.k.

Töluverð umræða var undir þessum lið.

Á þennan lið mætti allt nemendaráð til að ræða málin við foreldra og starfsmenn. Nemendaráð hafði haft lítinn tíma til að ræða málin saman fyrir fundinn en þar sem málið snýst um þá er mikilvægt að rödd þeirra heyrir og að tekið sé tillit til hennar. Nemendaráð sér málið líka frá mörgum hliðum. Sumir þar skilja áhyggjur foreldra og telja mikilvægt að fara hægt í sakirnar ef ætti að banna síma, t.d. byrja á að banna einn og einn dag. Aðrir sjá ekki vandamál við símana og telja að foreldrar ættu t.d. sjálfir að skoða sína notkun því börnin gera jú eins og fyrir þeim er haft. Einnig telja þeir þetta ekki vera neitt sérstakt vandamál og að margir myndu hvort sem er alltaf brjóta þessar reglu. Þá fór nemendaráð í stuttu máli yfir starfsemi ráðsins og að það væri að koma með tilboð um ýmislegt að gera í frímínútum annað en síma.

Fram kom að foreldrar gætu líka tekið sig saman í bekkjunum og ákveðið að hafa t.d. símalausa daga hjá sínum börnum. Skólastjóri tók þó fram að ef meirihluti foreldra vildi banna síma í skólanum þá myndi skólinn að sjálfsögðu verða við því.

Í foreldrahópnum kom fram að hugmyndir foreldra um uppeldi væru margvíslegar. En snjalltæki væru komin til að vera og ekki endilega rétta leiðin að vera með boð og bönn.

Skilaboð skólaráðs til fræðslunefndar

- a. Starfsfólk skólans er með nemendum alla daga og ætti að vera leiðandi í umræðunni um síma- og snjalltækjanotkun í skólanum.
- b. Það er mikilvægt að kennarar haldi uppi fræðslu um netnotkun. Leggi áherslu á ábyrga netnotkun og að við stjórnnum tækjunum en ekki þau okkur.
- c. Styðja nemendaráð í að halda úti fjölbreyttu félagslífi í frímínútum.
- d. Fjölga símalausum dögum.

3. **Fundartímar skólaráðs í vetur** – Stefnt að því að funda einu sinni í mánuði á föstudögum kl. 8:15. Næsti fundur áætlaður föstudaginn 6. nóvember.

4. Áherslumál vetrarins

- a. **Skólamenningin** – endalaus vinna með samskipti – Samskipti kynjanna eru ofarlega í huga starfsfólks eftir heimsókn Sólborgar Guðbrandsdóttur og Þorsteins Einarssonar sem komu með fyrirlestrana karlmennskan og fávitar til okkar 7. september fyrir 7. – 9. bekk. Þar kom berlega fram að sumum nemendum fannst þetta erfitt umræðuefni og upplifðu þau Sólborg og Þorsteinn íhaldsamari viðhorf til samskipta kynjanna hjá okkar nemendum en á öðrum stöðum. Þá hefur einnig komið fram meðal starfsfólks að samskipti kynjanna eru ekki alltaf í lagi hjá nemendum okkar. Því er mikilvægt að fá foreldra og samfélagið allt í lið með okkur. Starfsfólk skólans hefur einnig áhyggjur af því að hópur nemenda, jafnvel niður í mjög unga nemendur séu að horfa á klámefni og það eru vísbendingar um að það sé farið að hafa veruleg áhrif á hegðun ákveðinna einstaklinga. Skólinn hefur hafið samtali við félagsmálayfirvöld um málið en það er líka mikilvægt að heyra raddir skólaráðs og hvað því finnst mikilvægt eða áriðandi. Fram kom að búið er að „normalísera“ klám og þröskuldurinn hefur svo sannarlega lækkað sem hefur orðið til þess að margir verða fyrir áreiti og óásættanlegri lífsreynslu. Mikilvægt er að bregðast við. Ekki nóg að horfa bara á gerendurna heldur þarf að styrkja nemendahópinn. Það sama á við um foreldrahópinn. Byggja upp jákvæða leiðtoga á báðum stöðum og ekki láta neikvæðar raddir stjórna. Biðla til foreldrasamfélagsins að hjálpa til og koma með hugmyndir. Samfélagsleg ábyrgð er mikilvæg en spurning um hvernig hægt er að virkja hana? Það hefði verið afskaplega gott að geta haft foreldrafundi núna en því miður gengur það ekki vegna Covid. Þó er mikilvægt að bregðast við og öll ráð og allar hugmyndir til að efla hópinn og ná í gang samtali með það að markmiði að efla samstarf, traust og stuðning í hópnum eru vel þegnar.
- b. **Teymisvinna / teymiskennsla** – Í vetur verður lögð sérstök áhersla á teymisvinnu og teymiskennslu í skólanum. Eftir námskeiðið um Menntun fyrir alla síðast vetur kom

berlega í ljós að hugur kennara stefndi til meiri samvinnu og samstarfs. Því fengum við Ingvar Sigurgeirsson til að koma til okkar á eins dags námskeið í júní. Hann hitti svo kennara á Teamsfundi í ágúst og síðan stendur til að hann komi í 2-3 heimsóknir til okkar í vetur, fylgist með kennslu og verði kennurum innan handar í teymisvinnunni. Markmiðið með teymisvinnu kennara er að koma betur til móts við nemendur með fjölbreyttari kennsluháttum og fjölbreyttari vinnu nemenda. Sagt var frá teymiskennslu í samfélagsfræði og náttúrufræði í 9. og 10. bekk sem gengur vel og er spennandi nýjung.

- c. **iPadvæðing** – í haust hófst frekari vinna við iPadvæðingu nemenda. 7. og 8. bekkur er kominn með iPada í hendur og hafa 24 af 43 nemendum keypt iPada en nemendur geta keypt þá á um það bil 64% af kostnaðarverði. Reglan er sú að ef nemendur kaupa iPada mega þeir fara með þá heim og nota þá þar, annars eru þeir bara með þá í skólanum. Markmiðið með iPadvæðingunni er að auka fjölbreytni í námi og gefa nemendum færi á að vinna og skila verkefnum á mun fjölbreyttari vegu en annars. Stefnt er að því að hver árgangur fái iPad í 7. bekk þannig að haustið 2022 ætti allt unglingsstigið að vera komið með eigið iPad.

5. **Fjárhagsáætlun skólans** - Farið yfir fjárhagsáætlun skólans fyrir næsta skólaár. Ramminn hefur ekki hækkað en þegar tekið er tillit til breytinga í rekstri og óska um stofnbúnað þá er farið fram á 5.438.000 krónur umfram ramma.
6. **Skólastarf á tímum Covid – 19.** – Þrátt fyrir að við höfum sloppið ótrúlega vel við Covid-19 það sem af er þá hefur það haft veruleg áhrif á skólastarfið. Árshátíð skólans átti t.d. að vera 14. október en það er allsendis óvíst hvort eða hvenær verður af henni. Þá hafa engir kynningarfundir verið haldnir en okkur finnst mikilvægt að eiga samtal við foreldra um ýmis atriði. T.a.m. framhald á umræðunni frá fundunum í vor, umræðu um heimsókn Fávita og Karlmennskunnar og ýmislegt fleira. En nú verður að miða lífið við þær aðstæður sem uppi eru og taka einn dag í einu. Ganrýni hafi heyrst um ball sem haldið var. Almenn umræða um covid og lagði Þórgunnur áherslu á að farið væri eftir tilmælum sóttvarnarlæknis í skólanum, hvorki meira né minna. Lögð væri áhersla á persónulegar sóttvarnir. Eins og dæmin sanna þá getum við alltaf lent í sóttkví en markmiðið með sóttvörnum í skólanum væri að koma í veg fyrir smit. Það væri næstum ómögulegt að komast hjá því að einhverjir lentu einhvern tíman í sóttkví en sóttvarnirnar miðuðust meira við að draga sem mest úr smithættu.